



Sinfónían og Fílharmonían

# Drungaleg alvara

Stabat mater eftir Antonín Dvořák. Sinfóníuhljómsveit Íslands. Söngsveitin Fílharmonía. Katrín Sigurðardóttir, Sigríður Ella Magnúsdóttir, Guðbjörn Guðbjörnsson, William Sharp. Stjórnandi Guðmundur Emilsson. Háskólabíó, fimmtudag.


Stabat Mater eftir Antonín Dvořák var flutt á „stjörnutónleikum“ sinfóníunnar s.l. fimmtudagskvöld og líklega í fyrsta skipti hér á landi. Þetta er ein af ótalmörgum tónsmíðum við þetta fræga miðaldakvæði um heilaga Mariu við krossinn og kannski með þeim þekktari, þó undirritaður hafi aldrei heyrt það né séð áður. Hvað sem því líður er þetta gríðar langt verk og mikið, áreiðanlegasta Stabat Mater sögunnar, eða svo fannst

manni að hlyti að vera þegar gert var hlé á eftir fjórða þætti af tíu.

Peir sem þekkja tónverk Rossinins, Verdis og ekki sýst Haydns um þennan texta, hafa líklega búið við öðruvísi músík ekki sist ef þeir hafa tekið nokkur vinsælustu verk Dvořák (9. sinfóníuna, sellókoncertinn, Dumky-tríóð o.s.frv.) með í reikninginn. En þarna grúfir drungaleg germönsk alvara yfir sviðinu og ekkert á ferðinni sem minnt gæti á slavn- eskan eða suðrænan trúarhita. Það er engin von um frelsun í þessari músík, gagnstætt því sem maður finnur svo fyrir í kvæðinu, sem er í anda „sporgengla Krists“ og stefnir þangað sem „aldrei dýrðin dvín“.

Í öllu falli náði þetta ekki almennilega að hljóma

sannfærandi, þrátt fyrir vandaðan flutning að mörgu leyti. Að vísu er jafnvægisleysi á milli radda *Söngsveitarinnar Fílharmoníu*.



LEIFUR ÞÓRARINSSON

ónú átakanlegt, tenórar og jafnvel bassar eru einfaldlega of fáir miðað við kvenraddir, og má þar eflaust finna helstu ástæðuna fyrir hvað söngur hennar var bældur á köflum. Það var einsog hann væri á bak við eitthvert ósýnilegt þil, sem reyndar ekkert

nýtt í þessu hræðilega húsi, Háskólabíó. Já húsið er kannski ástæða nr. 1, því hvernig eiga menn að syngja út og af tilfinningu, þegar salurinn er steindaður? Það hlýtur að vera erfitt, í það minnsta í svona þunglamalegu, lítt spennandi tónverki.

Það er hinsvegar ekki að efa, að Guðmundur Emilsson hefur æft bæði kór og hljómsveit af kappi og vandvirkni og að við betri aðstæður ætti hann að geta stjórnað fyrsta flokks flutningi.

Einsöngvararnir fjórir, Katrín Sigurðardóttir sópran, Sigríður Ella Magnúsdóttir alt, Guðbjörn Guðbjörnsson tenór, og William Sharp bassi, sem öll eru stórgóðir söngvarar, hvert á sinn hátt, áttu í erfiðleikum að ná í „gegnum múrinn“. Það var einsog vantaði snerpuna að koma músíkinni almennilega í „fókus“. Þó mátti vissulega heyra margt fallett, hvernig má annað ske þegar jafn skarbjartur og „músíkalskur“ sópran og Katrín, og dramatískur mezzo og Sigríður Ella eru á ferð-

inni. Þær eru báðar fyrsta flokks söngvarar, bæði í óratóriu og óperu. Guðbjörn Guðbjörnsson er líka meðal efnilegustu söngvara af sinni kynslóð, ætti að þróast upp í mikinn Verdi-Puccini tenór á næstu árum. En þarna var dálitið einsog hann væri í vandræðum með stílinn, og verkaði fyrir bragðið einum of varfærinn, ég segi ekki klemmdur. William Sharp var að vísu með stílinn nokkuð á hreinu, en heldur léttur í þetta bassahlutverk, sem passar líklega betur fyrir ýmsa heimasöngvara, t.d. Bob Becker og Kristnana báða, Hallsson og Sigmundsson. Það vantaði semsé í þetta bakfiskinn. En ófullnægjuna sem þessir tónleikar óneitanlega skildu eftir, held ég verði samt að skrifa á verkið sjálft (þó það sé eftir meistara) og „húsið“. Nú eru samkvæmt nýjustu fréttum komnar fram sjöttuog-eitthvað tillögur um „tónleikahús“, frá arkitektum héðan og þaðan. Vonandi kemur eitthvað gott og blessað útúr því.

LB


## SÍM Viltu verða myndlistarmaður

Hver er leikari, eða rithöfundur, eða tónskáld? Þetta geta víst flestir kallað sig án verulegra lagalegra ónota, en þá er betra að standa undir nafni, og allra best að standa undir nafni og vera félagi í viðkenndum samtökum stundenda listgreinarinnar.

Myndlistarmenn hafa undanfarin ár borið gæfu til að sameinast nokkurnveginn í einum samtökum, SÍM (Sambandi íslenskra myndlistarmanna), sem er bandalag sex myndlistarfélaga. Í nýju fréttabréfi samtakanna er skýrt frá störfum nefndar sem falið var að endurskoða svokallað punktakerfi sem ákvarðar hvort menn hljóti inngöngu í eitthvert aðildarfélag, og geti þannig kallast myndlistarmenn. Enn er um ósamykkt drög að ræða.

Til þess arna þarftu að uppfylla að minnsta kosti þrjú eftirtalinna skilyrða:

- hafa lokið minnst fjögurra ára námi frá viðurkenndum listaskóla og hafa starfað að listsköpun í minnst tvö ár að námi loknu,
- hafa haldið eina eða fleiri einkasýningar í viðurkenndum sýningarsölum,
- hafa tekið þátt í alþjóðlegri sýningu, samsýningu styrktri af opinberum aðilum eða fimm samsýningum öðrum,
- hafa verið falin listskreyting á opinberum vettvangi af listkunnendum,
- eiga verk í opinberri eigu, keypt af safnráði eða matsnefnd,
- hafa hlotið opinberan styrk eða starfslaun.



Torvald Nilsson.

### Tónlist

## Sænskur gítaristi

Sænski gítaristinn Torvald Nilsson kemur í heimsókn á sunnudaginn og verður hér í hálfu aðra viku við tónleikahald og kennslu.

Torvald Nilsson er einn fremstu gítarleikara Svía, býr og kennir í Helsingborg, hefur haldið fjölda hljómleika og konsertfyrirlestra.

Tónleikaröð Torvalds hér

hefst í Hafnarfjardarkirkju mánudag kl. 20.30. Á þriðjudag verður hann á Akranesi, á fimmtudag í Borgarnesi. Um næstu helgi kennir hann í Tónskóla Sigursveins og í vikunni á eftir verða þrennir tónleikar í Reykjavík og á Suðurnesjum.

Á efnisskrá tónleikanna verður tónlist frá 17. til 20. aldar eftir ýmissa landa tónskáld, fyrir gítar og altgítar.

### Íslenska hljómsveitin

## Messías Händels

Íslenska hljómsveitin og Kór Langholtskirkju ætla að flytja Messías eftir Händel fjórum sinnum á næstunni og taka um áttatíu manns þátt í flutningnum.

Stjórnandi er Jón Stefánsson og einsöngvarar Ólöf Kolbrún Harðardóttir, Sólveig Björning, Garðar Cortes og Halldór Vilhelmsson.

Fyrstu tónleikarnir verða á Akranesi á laugardag eftir viku, síðan 22. apríl, þriðjudag, á Selfossi, í Keflavík daginn etir og í Langholtskirkju í Reykjavík á sumardaginn fyrsta, 24. apríl.

Sala aðgöngumiða er þegar hafin í bókabúðum Eymundssonar og Blöndal og í Ístóni við Freyjugötu.

### Styrkir

## Úr menningarsjóði

Í gær var úthlutað styrkjum úr Menningarsjóði, og gerir það Menntamálaráð. Úthlutað var dvalarstyrkjum, ferðastyrkjum, tónlistarstyrkjum og styrkjum til fræðimanna, samtals 770 þúsundum króna.

60 þúsund króna dvalarstyrki hlutu: Ásgerður Búadóttir vefari, Atli Heimir Sveinsson tónskáld, Einar Hákonarson málari, Guðbergur Bergsson rithöfundur, Kristján Davíðsson málari, Rut Ingólfssdóttir fíðuleikari, Sveinn Björnsson málari, Þorsteinn Gunnarsson leikari.

40 þúsund króna ferðastyrki hlutu: Bragi Ásgeirsson málari, Gísli J. Ástþórsson rithöfundur, Hafsteinn Austmann málari, Nína Björk Árnadóttir skáld, Steinar Sigurjónsson rithöfundur.

20 þúsund króna ferðastyrki hlutu: Hafliði Vilhelmsson rithöfundur, Hallgrímur Helgason

málari, Jóhann Sigurðsson leikari, Jón Björnsson rithöfundur, Magnús Tómasson myndlistarmaður, Ólafur Ormsson rithöfundur, Theodór Júlíusson leikari, Þorsteinn Þorsteinsson þýðandi, Þórunn Sigurðardóttir leikskáld.

Tónlistarstyrki að upphæð 80 þúsund hlutu: Íslensk tónverkamiðstöð, ÞÓR (Þorvaldur Ingi Jónsson og Bergþóra Árnadóttir), Ingibjörg Þorbergs.

10 þúsund króna fræðimanna styrki hlutu: Einar H. Einarsson, Guðmundur Finnbogason, Ingólfur Jónsson frá Prestsbakka, Jón Gíslason, Jón Guðmundsson, Skúli Helgason, Torfi Jónsson, Valgeir Sigurðsson, Þórður Jónsson, Þórður Kárasón, Þórður Tómasson.

Í Menntamálaráð er kosið af alþingi og sitja Matthías Johannessen formaður, Áslaug Brynjólfsdóttir, Sólrún Jensdóttir, Einar Laxness og Gunnar Eyjólfsson.

Er ekki tilvalið  
að gerast áskrifandi?

ÞJÓÐVILJINN